

Helgi Pjeturss:

## Ótrúlegt en satt.


### I. Merkileg steinflis.

Það þótti í fyrstu mjög ótrúlegt, er ég sagði frá því, að bergtegund, sem mikið er um á Íslandi, og margir merkir jarðfræðingar höfðu skoðað og hiklaust talið goseðlis (vulkansk), bæri því ótvíraðit vitni, að skriðjöklar hefðu komið þar við sögu. Og ekki varð auðveldara um, þegar ég varð að bæta því við seinni, að einnig milli laga í basaltmyndun Íslands, væru slikein bergtegundir, er sýndu, að ísaldir hefðu gengið yfir landið löngu á undan þeirri, sem kunnugt var um þegar ég hóf rannsóknir mínar. Og það er ekki lengra síðan en svo, að bornar voru brigður á, að þetta gæti verið allskostar rétt hjá mér, að árið 1938, er í 75. árgangi enska jarðfræðitímaritsins Geological Magazine, ritgerð, sem heitir The Age of the Rocks and Topography of middle Northern Iceland, eftir dr. L. Hawkes, þar sem þessi merki jarðfræðingur, er ýmislegt fróðlegt hefir ritað um jarðfræði Íslands, segir frá því, að hann hafi ekki getað fundið forna jökulurð milli basalt-laga austanvert við Fnjóskadalinn, sem ég hefi getið um í doktorsritgerð minni „Om. Islands Geologi“. Telur dr. Hawkes, að þar muni ekki vera um annað að ræða en forna laekjar-myndun. Tveir ungar jarðfræðingar frá háskólanum í Cambridge, komu eftir tilmælum dr. Hawkes á þessar sömu slóðir, og leituðu að jökulbergi því, sem ég hafði sagt frá, en fundu þær enga slika jarðmyndun. Í grein í 76. árgangi þessa sama tímarits (On the Pleistocene Rocks of Iceland and the Age of the Submarine Shelf), leitaðist ég nú enn við að fára sönnur á mitt mál, og tók fram, að basaltið undir þessu lagi, sem ég hafði hiklaust talið jökulurð, væri fægt og rispað á þann hátt, sem einungis verður undir skriðjöklum. Mér hafði, með talsverðri fyrirhöfn, tekizt að meitla hina hörðu, fornu jökulurð ofan af basaltinu, sem hún liggar á, og ná í flís af þessu svo stórfróðlega jökulnúna bergi, en flís þessa fann ég ekki þegar ég skrifaldi hina ensku grein mína, og gat því ekki komið mynd af henni þar. Nú hefir Anna dóttir min haft upp á þessari merkilegu steinflis, og kom mér þá í hug að biðja

„Náttúrufræðinginn“ að flytja mynd af henni. Flís þessi, þar sem ennþá má sjá nokkrar leifar jökulbergssins, sem ofan á henni hefir legið, tekur af allar efasemdir. Því að ef straumhart vatn, sem bar með sér möl og sand, hefði runnið eftir þessu yfirborði, þótt ekki væri nema nokkra sólarbringa eða jafnvel klukkustundir, þá hefðu rispurnar og hin einkennilega jökulfæging, ekki getað haldizt.

Hinn skarpskyggnar jarðfræðingur Jakob Lindal á Lækjamóti, segir mér frá því i stórfróðulegu bréfi, dags. 12. nóv. síðastl., að hann hafi fundið þetta lag mitt í Skriðugili, og komist þar að sömu niðurstöðu og ég. Ennfremur hafi hann á síðastl. sumri fundið jökulberg milli basaltlaga á ýmsum ótrúlegum og merkilegum stöðum.

Það er rétt að ég geti um það í þessu sambandi, að próf. Guðm. heitinn Bárðarson, sem á svo aðdáanlegan hátt hafði rannsakað skeljafögin á Tjörnesi, leit svo á, að ég mundi ranglega hafa talið jarðlag þar norðan á nesinu myndað af jöklum, en þar er um talsvert þýðingarmikið atriði að ræða. Þar hjálpaði Jóhannes Áskelsson, sem fann þarna leirsteinslag, sem í eru leifar af ishafsskelinni Portlandia arctica.



Ísnúin steinflis úr hömrum austanvert við Fnjóskadal.

Það hefir dálitið sérstaka þýðingu, að rétt skuli hafa reynzt það, sem ég hefi sagt um árangur jarðfræðirannsóknna minna, jafnvel þó að mjög ótrúlegt hafi þótt. Ég hefi í sambandi við rannsóknir mínar á öðru svíði, orðið að segja frá ýmsu, sem ótrúlegt hefir þótt, og það jafnvel svo, að ekki væri þess vert að gefa því gaum. Gáfuðum mönnum ætti að geta orðið það mikil hjálp til að líta rétt á tilraunir mínar til að færa líf-

## II.

Það hefir dálitið sérstaka þýðingu, að rétt skuli hafa reynzt það, sem ég hefi sagt um árangur jarðfræðirannsóknna minna, jafnvel þó að mjög ótrúlegt hafi þótt. Ég hefi í sambandi við rannsóknir mínar á öðru svíði, orðið að segja frá ýmsu, sem ótrúlegt hefir þótt, og það jafnvel svo, að ekki væri þess vert að gefa því gaum. Gáfuðum mönnum ætti að geta orðið það mikil hjálp til að líta rétt á tilraunir mínar til að færa líf-

fræðina út til stjarnanna, að ég er, sem náttúrufræðingur, reyndur að trúverðugleik, jafnvel þar sem miklum merkismönnum hefir í fyrstu svo virzt, sem ekki væri mark takandi á athugunum mínum.

Í febrúar, 1942.